

Akraneskaupstaður
Borgarbyggð
Hvalfjarðarsveit
Skorradalshreppur
b.t. sveitarstjórnar

Borgarnesi, 6.mars 2023

Samþykkt um stjórn fjallskilaumdæmis

Í fjallskilasamþykkt fyrir sveitarfélögin Akraneskaupstað, Borgarbyggð, Hvalfjarðarsveit og Skorradalshrepps nr. 683/2015 og 714/2015 kemur fram í 1. gr. að ofangreind sveitarfélög mynda eitt fjallskilaumdæmi. Sveitarstjórnir skuli skipa stjórn fjallskilamála í fjallskilaumdæminu og setja stjórn sérstaka samþykkt þar sem kveðið er á um fjölda fulltrúa í stjórninni og verkefni hennar.

Stjórn fjallskilaumdæmis Akraneskaupstaðar, Borgarbyggðar, Hvalfjarðarsveitar og Skorradalshrepps fundaði þann 6. mars 2023. Eftirfarandi var bókað;

1. Samþykkt fyrir stjórn fjallskilaumdæmis

Framlögð drög að samþykkt fyrir stjórn fjallskilaumdæmis Akraneskaupstaðar, Borgarbyggðar Hvalfjarðarsveitar og Skorradalshrepps. Rætt um kosti þess að færa rekstur stjórnar fjallskilaumdæmis undir kennitölu stjórnar fjallskilaumdæmisins.

Samþykkt að vísa samþykkt um stjórn fjallskilaumdæmis Akraneskaupstaðar, Borgarbyggðar Hvalfjarðarsveitar og Skorradalshrepps til sveitarstjórna allra sveitarfélaga til samþykktar. Stjórnin samþykkir að óska eftir því við Samband Íslenskra sveitarfélaga að fá samanburð á kostum og göllum þess að hafa rekstur stjórnar á eigin kennitölu annars vegar og á kennitölu eins aðildarsveitarfélags hins vegar.

Með erindi þessu fylgir *Samþykkt fyrir stjórn fjallskilaumdæmis Akraneskaupstaðar, Borgarbyggðar, Hvalfjarðarsveitar og Skorradalshrepps* til samþykktar í öllum sveitarstjórnnum sem aðild eiga að fjallskilaumdæminu og óskað eftir að erindið verði sett á dagskrá næsta fundar sveitarstjórnar.

F.h. stjórnar fjallskilaumdæmis,
Hrafnhildur Tryggvadóttir
Starfsmaður stjórnar